

VELFERÐ BARNNA Í GARÐABÆ

FRÆÐSLU YFIRLIT



OFBELDI, JAFNRÉTTI
OG KYNHEILBRIGÐI



GARÐABÆR



MENNTAKLIF

Yfirlit

Formáli.....	4
Fræðsluyfirlit fyrir börn, starfsfólk og foreldra	5
Að ná tökum á tilverunni	5
Að vaxa úr grasi	5
Áfallaviðbrögð við kynferðisofbeldi.....	5
Allir eiga rétt	6
Á mannamáli – ofbeldi á Íslandi	6
Ástráður	6
Áttavitinn og tótalráðgjöf	6
Barnahús - upplýsingarbæklingur	7
Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna.....	7
Blátt áfram - erindi.....	7
Býrð þú við ofbeldi?	7
Börn og miðlanotkun	8
Ef bara ég hefði vitað	8
Ég á tvær mömmur og engan pabba	8
Ég er bara ég	9
Ég, þú og við öll	9
Einelti, helvíti á jörð.....	9
Ekkert barn á að alast upp við heimilisofbeldi	9
Eru fjöllin blá?	10
Fáðu já!	10
Gegn einelti.....	10
Hinn launhelgi glæpur	11
Hulstur utan um sál	11
Jafnrétti í skólastarfi / ligestilling i skolen.....	11
Jafnréttishandbókin	11
Jafnréttistorg	12
Jöfn framtíð fyrir stráka og stelpur	12
Karlmennska og jafnréttisuppeldi	12
Katla gamla	12
Kjaftað um kynlíf	13
Komdu og skoðaðu líkamann	13
Kompás.....	13
Litli-kompás	13
Krakkarnir í hverfinu	13
Kynferðisleg hegðun barna, hvað er eðlilegt?.....	14
Kynferðisofbeldi gegn börnum	14
Kynfræðsluvefurinn	14
Kynjamyndir í skólastarfi	15
Kynlega klippt og skorið	15
Kynleg umræða.....	15
Kynlíf	15
Kynungabók	16
Könnun á líðan í bekknum – hópnun	16
Leiðin áfram	16
Leið þín um lífið.....	16
Leyndarmálið – segjum nei, segjum frá!	17
Lifað í lýðræði	17
Líkami minn og tilfinningar	17
Líkt og ólíkt.....	17

Maðurinn, hugur og heilsa	18
Mannslíkaminn	18
Margt er um að velja	18
Mat á líðan barna	18
Menntun, forysta og kynferði.....	19
Nám í skóla um hamingju og velferð · Að sitja fíl.....	19
Nýir drengir og nýjar stúlkur – ný uppeldisstefna?	19
Ofbeldi á heimili - með augum barna	20
Ofbeldi – hugtakaleikur	20
Píkutorfan.....	20
Saft fræðsla.....	20
Sagan af Sylvíu og Sarra	21
Sambönd og samskipti.....	21
Samræða í dagsins önn: Jafnrétti	21
Samtökin 78	21
Samvinnuleikir.....	22
Samþykki er sexý.....	22
Skólabragur –saman í sátt	22
Sigga Dögg	23
Spor 1 - 4 klípusögur.....	23
Sports, Media and Stereotypes Women and Men in Sports and Media	23
Stattu með þér!	24
Stig af stigi	24
Tengslakönnun	24
Tölum saman: Kynlíf –unglingar	25
Tölum saman: Samskipti foreldra og barna um kynlíf.....	25
Uppvöxtur í lýðræði.....	25
Um stelpur og stráka	26
Vefurinn 6h.is	26
Verndum börn	26
Verndarar barna.....	27
Verndum þau	27
Vinátta	27
Vinir Zippýs	28
Virðing og umhyggja – Ákall til 21. aldar	28
Það er staður í helvíti fyrir konur sem hjálpa ekki hver annarri	28
Þátttaka í lýðræði	28
Þegar Rósa var Ragnar , þegar Friðrik var Fríða.....	28
Þetta er líkami minn	29
Þetta eru mínir einkastaðir	29
Þjóðfélagsfræði og á ferð um samfélagið ·	29
Þú ert frábær.....	30
Ævintýralegt jafnrétti	30
Örugg og ábyrg farsímanotkun	30
Örugg saman	30
Öryggishringurinn.....	31
7 skref til verndar börnum	31

Formáli

Að fá tækifæri til að starfa með börnum og ungmennum er gefandi forréttindastarf að margra mati. Slíku starfi fylgir jafnframt ábyrgð og skyldur. Ofbeldi gegn börnum eru alvarlegir glæpir í okkar samfélagi. Mikilvægt er að koma á framfæri ábyrgri fræðslu og upplýsingum um fræðsluefni um velferð barna til þeirra sem starfa með börnum og ungmennum.

Eftirfarandi fræðslufirlit er liður í þróunarverkefninu *Velferð barna í Garðabæ* sem styrkt var af Sprotasjóði á árunum 2013-2015. Með verkefninu varð vitundarvakning hjá stjórnendum og forstöðumönnum skóla og félaga í Garðabæ um mikilvægi samræmdra vinnubragða. Verkefnið hefur haft sýnileg áhrif á uppbyggingu skólanámskráa og skapað einbeittari sýn á forvarnarverkefnið á þessu sviði. Eins hefur verkefnið byggt brú milli fjölskyldusviðs Garðabæjar sem sinnir barnavernd og annarra aðila sem starfa með börnum í Garðabæ.

Fræðslufirlitið nær yfir hugtökin ofbeldi, kynjafræði, jafnrétti og kynheilbrigði á víðtækan hátt. Efninu var safnað saman af vef Vitundarvakningar, hjá Námsgagnastofnun, vefnum Jafnrétti, Heimpekitorginu og á veraldarvefnum. Með hverju efni er að finna upplýsingar um útgefanda, hverskonar efni er um að ræða, fyrir hverja efnið er, vefslóðir og lykilhugtök sem tengjast efninu. Efninu er raðað í stafrófsröð en einnig er að finna heildaryfirlit í töflu. Fræðslufirlitið er einnig að finna á vef Menntaklifsins <http://www.menntaklif.is/velferd-barna-i-gardabae/fraedsluyfirlit/>. Fræðsluefnið er ætlað börnum, ungmennum, starfsfólki og foreldrum.

Mælst er til að aðilar að velferð barna nýti þetta leiðbeinandi fræðslufirlit sem verkfæri til þess að samþætta málefnið í námskrám leik-, grunn- og framhaldsskóla, félagsmiðstöðva, félaga og hjá öllum þeim er vinna með börnum í Garðabæ.

Meginþorri efnisins er ætlað grunnskólastiginu en þó á hluti af efninu einnig við önnur félög sem starfa með börnum.

Ábendingar um fræðsluefni, fyrirlestara og námskeið og eru vel þegnar. Þeim má koma á framfæri í tölvupósti á menntaklif@gardabaer.is.

*Ágústa Guðmundsdóttir og Ásta Sölvadóttir
verkefnastjórar verkefnisins Velferð barna í Garðabæ*

Fræðslufirlit fyrir börn, starfsfólk og foreldra

Hér á eftir kemur samantekt yfir fræðsluefni sem nýta má í fræðslu sem snýr að velferð barna og ungmenna. Samantektin nær yfir efni ætlað börnum, ungmönnum, starfsfólki sem vinnur með börnum og foreldrum. Eins og sjá má, er mikið af efni til og því mikilvægt að renna yfir yfirlitið til að sjá hvað gagnast hverju aldursbili og tilefni. Efninu er raðað í stafrófsröð.

Fræðslufirlitið er einnig að finna á rafrænu formi á vef Menntaklifsins:
<http://www.menntaklif.is/velferd-barna-i-gardabae/fraedslufirlit/>

Að ná tökum á tilverunni

Námsefnið er ætlað 11 til 14 ára nemendum. Efnið fjallar um bekkjarandann, unglingsárin, sjálfstraust, samskiptafærni, tilfinningar, vináttu, fjölskylduna, gagnrýna hugsun og markmiðssetningu.

Útgefandi: Lions Quest

Hvað: Handbækur

Fyrir: Miðstig, unglingsstig, foreldra og starfsfólk

Vefslóð: http://vefir.nams.is/lionsquest/ad_na_tokum.htm

Lykilorð: Velferð, lífleikni

Að vaxa úr grasi

Heildstætt kennsluefni fyrir 1. til 5. bekk með áherslu á félags- og tilfinningaproska, samvinnu, sjálfstraust og ákvarðanatöku.

Útgefandi: Námsgagnastofnun

Hvað: Kennslubækur

Fyrir: yngsta stig og miðstig

Vefslóð: http://vefir.nams.is/lionsquest/ad_vaxa.htm

Lykilorð: Velferð, lífsleikni

Áfallaviðbrögð við kynferðisofbeldi

Bæklingurinn fjallar um algeng viðbrögð við kynferðisofbeldi.

Útgáfa: Neyðarmóttöku vegna kynferðisofbeldis, Öðlingsátakið og Reykjavíkurborg

Hvað: Bæklingur

Fyrir: Þolendur

Vefslóð:

http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item18917/Afallavidbrogd_vid_kyndferdisofbeldi_Baeklingurt.pdf

Lykilorð: Ofbeldi, kynferðisofbeldi

Allir eiga rétt

Kennsluefni um réttindi, skyldur, samstöðu og umburðarlyndi. Höfundur er Susan Fountain. Ólöf Magnúsdóttir og Ólöf Júlíusdóttir þýddu. Í öðrum kafla þessa kennsluefnis um mannréttindi er fjallað um kynin. Þar er komið inn á stöðu kvenna víða í heiminum og spurt spurninga eins og hvort kynin hafi jafna stöðu í einhverju landi í heiminum í dag.

Útgáfa: Námsgagnastofnun Reykjavík og Unicef á Íslandi (2007)

Hvað: Vefsíða, verkefni

Fyrir: Unglingastig

Vefslóð: <http://www1.nams.is/unicef/>

Lykilorð: Mannréttindi, Kynjajafnrétti, sjálfsímynd, staðalímyndir

Á mannamáli – ofbeldi á Íslandi

Bókin fjallar um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi á Íslandi. Af einurð er fjallað um afbrotin, umræðuna, dómskerfið og ekki síst staðreyndirnar – á hátt sem allir skilja. Í bókinni eru sögur af sigrum og ósigrum, þar er vitnað til á sjöunda tug núlifandi Íslendinga; til dómara, hjúkrunarfræðinga, barna, þingmanna, lögfræðinga, sálfræðinga, kennara, brotþola og blaðamanna en í samhljómi þeirra kristallast skýrt: Við verðum að gera betur.

Útgefandi: Forlagið, Þórdís Elva Þorvaldsdóttir (2009)

Hvað: Bók

Fyrir: Almennir

Vefslóð: <http://www.forlagid.is/?p=12611>

Lykilorð: Ofbeldi

Ástráður

Forvarnastarf læknanema, Forvarnastarfið byggist á skólaheimsóknum þar sem áhersla er lögð á fræðslu um kynsjúkdóma, getnaðarvarnir og fóstureyðingar. Miðað er við að fara til nýnema í framhaldsskólum því þannig var hægt að ná til sem flestra. Eldri læknanemar sjá um að svara öllum fyrirspurnum sem berast um leyndo@astradur.is og berast þeim fjölmargir tölvupóstar og trúnaði ávallt heitið. Einnig er finna fróðleik á vefsíðunni um kynsjúkdóma, getnaðar- og kynsjúkdómavarnir kynfæri, kynlíf, kynhneigð, þungun, kynferðislegt ofbeldi, klám og kynvitund.

Útgefandi: Félag um forvarnastarf læknanema

Hvað: vefsíða, fyrirlestrar

Fyrir: unglíngastig, framhaldsskóla

Vefslóð: <http://www.astradur.is/>

Lykilorð: Kynfræðsla

Áttavitinn og tótalráðgjöf

Áttavitinn er upplýsingagátt miðuð að ungu fólki á aldrinum 16-25 ára. Á síðunni má finna hagnýtan fróðleik sem viðkemur hinum ýmsu sviðum lífsins.

Um Tótal ráðgjöf: Öflugt ráðgjafateymi svarar spurningum ásamt ýmsum fagaðilum og stofnunum. Teymið samanstendur af fagfólki sem vinnur markvisst af því að leiðbeina ungu fólki í réttan farveg í lífinu á skjótan og aðgengilegan hátt.

Útgefandi: Hitt húsið

Hvað: Vefsíða

Fyrir: Unglíngastig og framhaldsskóla

Vefslóð: <http://attavitinn.is/>

Lykilorð: Alhliða málefni

Barnahús - upplýsingarbæklingur

Barnahús sinnir málefnum barna sem grunur leikur á að hafi sætt kynferðislegri áreitni eða ofbeldi.

Í þessum einblöðungi er fjallað um starfsemi Barnahúss, helstu markmið og þjónustu. Auk þess er farið yfir hvað á að gera ef grunur er um að barn sæti ofbeldi og hvernig á að bregðast við þegar barn segir frá.

Útgefandi: Barnahús

Hvað: vefsíða og bæklingur

Fyrir: Starfsfólk, Foreldra

Vefslóð: www.bvs.is og www.bvs.is/media/skjol/file742.pdf

Lykilorð: Ofbeldi

Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna

Vefur um réttindi barna fyrir börn, unglinga, kennara og foreldra. Fróðleikur og gagnvirk verkefni fyrir nemendur og ýmsar upplýsingar fyrir kennara og foreldra um Barnasáttmálann og réttindi barna, ásamt kennsluhugmyndum. Efnið er hægt að nýta eitt og sér eða sem hluta af annarri mannréttindafræðslu.

Útgefandi: Samstarfsverkefni Barnaheilla, Námsgagnastofnunar, umboðsmanns barna og Unicef

Hvað: Vefsíða, gagnvirkir leikir

Fyrir hverja: Öll aldurstig

Vefslóð: www.barnasattmali.is

Lykilorð: Mannréttindi

Blátt áfram - erindi

Hvernig vernda foreldrar æsku barna sinna þegar umhverfið sem við búum við krefst þess að augu þeirra séu galopin! – erindi um forvarnir
Ormagrifja eða skemmtigarður – erindi um gerendur
Hefur einhver beðið þig að þegja yfir óþægilegu leyndarmáli? Viltu segja frá því? – erindi fyrir foreldra um einkastaði líkamans, foreldrahandbók.

Útgefandi: Blátt áfram

Hvað: Vefsíða, fyrirlestur og fróðleikur

Fyrir: Starfsfólk og foreldrar

Vefslóð: www.blattafram.is

Lykilorð: Ofbeldi

Býrð þú við ofbeldi?

Bæklingur sem fjallar um algengustu tegundir ofbeldis í nánnum samböndum, meðal annars andlegt, líkamlegt, kynferðislegt og fjárhagslegt ofbeldi. Bæklingurinn er á íslensku, ensku og pólsku.

Fyrir hverja: Unglingastig, framhaldsskóla, foreldra, starfsfólk

Útgefið af: Velferðarvaktinni og félagsþjónustunni á Suðurnesjum

Ártal: 2013

Hvað: Bæklingur

Vefslóð: <http://www.velferdarraduneyti.is/vitundarvakning/fraedsluefni/ nr/34263>.

Lykilorð: Ofbeldi

Börn og miðlanotkun

Hvernig má efla miðlalæsi barna með samtali foreldra og barna? Hvernig má hjálpa börnum að nálgast miðlaefni við sitt hæfi og hvetja þau til að framleiða sitt eigið efni? Hvernig má auka öryggi barna gagnvart skaðlegu miðlaefni og hvað er til ráða ef barnið lendir í neteinelti? Í handbókinni er fjallað um sjónarmið sem gott er að hafa í huga í tengslum við miðlanotkun barna og ungmenna. Í hverjum kafla eru haldbærar leiðbeiningar sem settar eru upp með þeim hætti að foreldrar geti auðveldlega hafið samtál við börnin sín um hinar ýmsu hliðar miðlanotkunar; leyft þeim að kynnstólíkum miðlum og nýta sér þau tækifæri sem þeir bjóða upp á en um leið kennt þeim að verjast skuggahliðum miðlanna og tileinka sér gagnrýna hugsun gagnvart þeim skilaboðum sem þar er að finna.

Útgáfa: Fjölmíðlanefnd, SAFT og Heimili og skóla

Hvað: Handbók

Fyrir: Foreldra

Vefslóð: http://www.saft.is/wp-content/uploads/2012/06/HS_midlalaesi.pdf

Lykilorð: Velferð, miðlar

Ef bara ég hefði vitað

„Ef bara ég hefði vitað“ er efni sem danski Rauði krossinn tók saman og fjallar um hvernig maður getur hjálpað sjálfum sér, og öðrum, þegar maður upplifir alvarlega atburði. Með alvarlegum atburðum er átt við t.d. skilnað, dauðsfall, umferðarslys, alvarlega ólæknandi sjúkdóma, þunglyndi, ástarsorg og einelti. Þetta efni er byggt upp á nokkrum sönnnum frásögnum unglunga sem hafa upplifað erfiða atburði í lífinu. Allar frásagnirnar eiga það sameiginlegt að þær lýsa því hvernig tekist er á við vandann og sálræn einkenni, sem oft fylgja í kjölfarið.

Höfundur: Rauði krossinn (2003)

Hvað: Vefsíða

Fyrir: Unglingastig

Vefslóð: http://www.raudikrossinn.is/page/rki_efbara

Lykilorð: Velferð

Ég á tvær mömmur og engan pabba

Verkefni um hvernig leikskólar geta unnið að fræðslu um ólíkar fjölskyldugerðir. Inniheldur nám og kennsluáætlun fyrir leikskólabörn er miða að því að auka samkennd, umburðarlyndi og víðsýni gagnvart ólíkum einstaklingum og hópum í samfélaginu.

Höfundur: Jóhanna Birna Gísladóttir og Telma Ýr Friðriksdóttir

Hvað: Ritgerð

Fyrir: Leikskólastig

Vefslóð: Vefslóð: Skemman. <http://skemman.is/handle/1946/926>

Lykilorð: Jafnrétti, mannréttindi

Ég er bara ég

Myndasaga um veru sem verður til á rannsóknarstofu og getur smeygt sér inn í fólk. Í sögunni smeygir hún sér inn í marga mismunandi krakka sem eru á miðstigi grunnskólans. Þannig er með þessu verið að kenna börnunum hve misjöfn við mannfólkið erum og kenna þeim í raun að setja sig í spor annarra.

Útgefandi: Námsgagnastofnun, Ásdís Olsen og Karl Ágúst Úlfsson (2001)

Hvað: Myndasaga, kennsluleiðbeiningar með þemahefti

Fyrir: Miðstigi

Vefslóð: http://vefir.nams.is/eger/eg_er_klb.pdf

Lykilorð: Jafnrétti

Ég, þú og við öll

Sögur og staðreyndir um jafnrétti. Í efninu er talsvert fjallað um jafnrétti kynjanna. Þær aðferðir og hugtök sem nýtt eru til greiningar á kynjamisrétti eru líka vel nothæf til að öðlast skilning á annars konar misrétti. Jafnrétti og mannréttindi eru samofin og jafnréttismenntun er ein undirstaða lýðræðis og mannréttinda. Kynjafræði, jafnrétti og femínismi eru hugtök sem mikilvægt er að fjalla um. Með því er ekki verið að stilla upp einum hópi fólks gegn öðrum heldur er sóst eftir jöfnum rétti allra, öllum til góðs.

Útgáfa: Námsgagnastofnun

Hvað: Nemendabók og kennsluleiðbeiningar á vef

Fyrir: Miðstigi

Vefslóð: http://vefir.nams.is/klb/eg_tu_klb.pdf

Lykilorð: Jafnrétti, kynjafræði

Einelti, helvíti á jörð

Heimildarmynd sem lýsir nóturlegri reynslu nokkurra einstaklinga af því að vera lagðir í einelti. Myndinni er ætlað að vekja áhorfandann til umhugsunar um alvarlegar afleiðingar eineltis og hve mikilvægt það er að koma fram við aðra eins og maður vill að komið sé fram við sig. Myndin hentar mjög vel sem stoðefni með lífsleiknínámsefninu *Í sátt og samlyndi* og *Að ná tökum á tilverunni* þar sem fjallað er um samskipafærni.

Útgáfa: Rúv og Námsgagnastofnun

Ártal: 2002

Hvað: Heimildarmynd

Fyrir: Miðstigi og unglíngastigi

Vefslóð: <http://skodun.is/einelti/einelti-helviti-a-jord-myndband/>

Lykilorð: Ofbeldi, einelti

Ekkert barn á að alast upp við heimilisofbeldi

Myndband um heimilisofbeldi.

Útgáfa: Barnaheill

Hvað: Myndband / auglýsing

Fyrir: Almenníng

Vefslóð:

<http://www.barnaheill.is/Utgafa/Myndbond/SkodaMyndband/ekkerbarnaadalastuppvidheimilisofbeldi>

Lykilorð: Ofbeldi, Heimilisofbeldi

„Ertu“

Vinnubók í lífsleikni fyrir mið og unglingastig grunnskóla. Hefur þú velt því fyrir þér hver þú ert? Þekkir þú eigin tilfinningar og áhrif þeirra á hugsun þína og hegðun? Hefur þú þælt í samskiptafærni þinni eða réttindum, skyldum og ábyrgð í samfélaginu? Í þessari vinnubók gefst tækifæri til að fást við ýmsar spurningar um einstaklinginn, lífið og tilveruna. Hugleiðingar og svör geta orðið skref í vegferð til aukins þroska og sjálfsþekkingar.

Útgefandi: Námsgagnastofnun

Hvað: Bók og kennsluleiðbeiningar

Fyrir: Miðstig, unglingastig

Vefslóð: <http://www.nams.is/Namsefni/Valid-namsefni/?productid=148b9399-aebd-4edc-883b-d6b4182cb5da&categoryid=>

Lykilorð: Kynheilbrigði

Eru fjöllin blá?

Bók fyrir unga heimspekinga: Áhugaverð bók fyrir unga heimspekinga á aldrinum fjögurra til tíu ára. Í bókinni eru 10 stuttar siðferðisklípusögur sem snúa að heimi barna, upplifun þeirra á daglegu lífi og tilfinningum. Þessi bók er tilvalinn grunnur að samræðuþjálfun því hún fjallar um það sem brennur á börnum. Frábær bók sem mælt er með fyrir alla sem vilja leita svara með börnum.

Útgefandi: Tindur, Íris Arnasdóttir (2010)

Hvað: Barnabók

Fyrir: Leikskólastig, yngsta stig, foreldra

Vefslóð: <http://tindur.is/index.php?pid=11&gid=24>

Lykilorð: Siðfræði, heimspeki

Fáðu já!

Fáðu já! er 20 mínútna stuttmynd sem ætlar sér að skýra mörkin á milli kynlífs og ofbeldis, vega upp á móti áhrifum klámvæðingar, brjóta ranghugmyndir á bak aftur og innræta sjálfsvirðingu í nánum samskiptum. Leiðarvísir fyrir starfsfólk grunnskóla fylgir.

Útgáfa: Vitundarvakning um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum

Hvað: Stuttmynd og leiðarvísir

Fyrir: Unglingastig

Vefslóð: <http://www.velferdarraduneyti.is/faduja/>

Lykilorð: Ofbeldi, kynheilbrigði, kynfræðsla

Gegn einelti

Skilaboð kvennalandsliðs Íslands í knattspyrnu gegn einelti – Fögnum fjölbreytileikanum.

Útgáfa: Kvennalandsliðs Íslands í knattspyrnu

Hvað: Myndband

Fyrir: Almennir

Vefslóð: <http://www.gegneinelti.is/myndbond/>

Lykilorð: Ofbeldi, einelti

Hinn launhelgi glæpur

Hinn launhelgi glæpur er framlag til umræðu um kynferðisbrot gegn börnum og skerfur til frekari skilnings á orsökum þeirra og afleiðingum. Í bókinni er á þriðja tug greina, flestar ritrýndar, þar sem fjallað er um viðfangsefnið á forsendum ólíkra fræðigreina, svo sem lögfræði, læknisfræði, hjúkrunarfræði, félagsfræði, sálarfræði, uppeldisfræði, afbrotafræði og félagsráðgjafar. Handbók fyrir alla sem starfa að málefnum barna og láta sig velferð þeirra varða.

Útgáfa: Háskólaútgáfan, Svala Ísfeld Ólafsdóttir (2011)

Hvað: Bók

Fyrir: Starfsfólk, foreldra

Vefslóð: http://haskolautgafan.hi.is/hinn_launhelgi_glaepur_kynferdisbrot_gegn_bornum

Lykilorð: Ofbeldi, Kynferðisofbeldi

Hulstur utan um sál

Bókin útskýrir á einfaldan hátt hvernig börnin verða til. Fjallað er um ástina og hvernig lífið kviknar, ýmist eftir langa bið eða þegar síst skyldi. Sjónarhornið færast milli níu barna sem eiga sér ólíka sköpunarsögu og búa við mismunandi fjölskylduaðstæður. Bókin er hugsuð fyrir börn og foreldra að lesa saman en á líka erindi við alla sem hafa áhuga á fjölbreytileika mannlífsins.

Útgefandi: Forlagið, Hugufrún Hrönn Kristjánsdóttir (2012)

Hvað: Barnabók

Fyrir: Leikskólastig, foreldra

Vefslóð: <http://www.forlagid.is/?p=611813>

Lykilorð: Kynfræðsla

Jafnrétti í skólastarfi / ligestilling i skolen

Rapport fra nordiske konferencer i Tórshavn og Reykjavík under Islands formandskab i Nordisk Ministerråd.

Útgefandi: Norrænafélagið

Hvað: Skýrsla

Fyrir: Starfsfólk

Vefslóð:

http://jafnretti.is/D10/_FILES/Sk%C3%BDrsla_Jafnr%C3%A9tti%20%C3%AD%20sk%C3%B3lum.pdf

Lykilorð: Jafnrétti

Jafnréttishandbókin

Jafnréttishandbókin fjallar um jafnrétti í skólastarfi, þá ábyrgð sem skólarnir ættu að hafa í þeim málum og skyldur hans. Fjallað er um það hvernig hægt er að stuðla að jafnrétti innan skólanna með því að gera sér grein fyrir fjölbreytileika nemendanna innan þeirra. Bókin er ætluð kennurum á öllum stigum grunnskólans.

Útgefandi: Námsgagnastofnun (2000)

Hvað: Handbók

Fyrir: Starfsfólk

Lykilorð: Jafnrétti

Jafnréttistorg

Vefsíða þar hægt er að finna fjölbreytt kennsluefni um jafnrétti. Um er að ræða vef sem er allt í senn kennslufefur, hugmyndabanki og fréttavefur um jafnréttismál í skóla og frístundastarfi. Á vefnum getur starfsfólk fundið ýmsar hugmyndir um jafnréttisstarf með börnum og ungmennum, allt frá leikskólaaldri og til unglingsára. Jafnréttisflokkarnir sem vefurinn nær til eru fjórir, fjallað er um kyn, hinsegin fólk, fötlun og uppruna.

Útgefandi: Skóla- og frístundarsvið - Reykjavíkurborg

Hvað: Vefsíða

Fyrir: Starfsfólk, öll skólastig

Vefslóð: <http://jafnrettistorg.is/>

Lykilorð: Jafnrétti

Jöfn framtíð fyrir stráka og stelpur

Um er að ræða vefsvæði á vef Jafnréttisstofu. Þar er að finna upplýsingar og hugmyndir um það hvernig hægt er að leiðbeina ungmennum á kynjameðvitaðan hátt um starfsval. Efninu er beint til ungmennanna, foreldra og kennara eða ráðgjafa. Efnið hentar fyrst og fremst unglíngastigi en einnig má nýta það í framhaldsskólum.

Útgefandi: Félagsmálaráðuneytið (2006)

Hvað: Vefsvæði

Fyrir: Unglíngastig, framhaldsskóla, starfsfólk og foreldra

Vefslóð: <http://jafnretti.is/jafnretti/?D10cID=Page3&ID=72>

Lykilorð: Jafnrétti

Karlmennska og jafnréttisuppeldi

Í þessari bók eru lagðar fram tillögur um jafnréttisuppeldi drengja, en þeir hafa verið taldir eiga undir högg að sækja í skólakerfinu eins og það hefur þróast til dagsins í dag. Höfundur bókarinnar, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, kemst þó að þeirri niðurstöðu að slökum námsárangri drengja sé ekki síst um að kenna hefðbundnum karlmennskuímyndum sem geta jafnframt verið drengjum skaðlegar. Í viðauka bókarinnar er að finna verkefni fyrir börn og unglínga, foreldra og börn og að lokum fyrir kennaranema. Bókin er ætluð kennurum allra stiga en nýtist öllum sem koma að uppeldi.

Útgefandi: Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands (2004)

Hvað: Bók og verkefni

Fyrir: Starfsfólk, foreldra, öll skólastig

Vefslóð: http://haskolautgafan.hi.is/karlmennska_og_jafnrettisuppeldi

Lykilorð: Jafnrétti

Katla gamla

Leikin mynd um einelti og fyrirgefningu, með myndinni fylgja kennsluhugmyndir.

Útgefandi: Námsgagnastofnun

Hvað: Fræðslumynd

Ártal: 2009

Fyrir: Yngsta stig og miðstig

Vefslóð: <http://www.nams.is/Namsefni>

Lykilorð: Ofbeldi, einelti

Kjaftað um kynlíf

Handbók fyrir fullorðna til að tala um kynlíf við börn frá fæðingu til framhaldsskóla. Bókin heldur í hönd þína og leiðir þig í gegnum hvað sé að gerast á hverjum aldri fyrir sig og hvað sé eðlilegt og hvað ekki. Hispurslaus og aðgengileg handbók sem er skyldulesning fyrir alla fullorðna sem gegna trúnaðarhlutverki gagnvart börnum og unglingum.

Útgefandi: Forlagið, Sigga Dögg (2014)

Hvað: Handbók

Fyrir: Starfsfólk og foreldra

Vefslóð: <http://www.idnu.is/content/view/526/1/lang,is/>

Lykilorð: Kynfræðsla

Komdu og skoðuðu líkamann

Fjallað um gerð líkamans, starfsemi hans og þarfir

Með þessu efni er fáanleg kennarabók í stóru broti. Textinn í henni er ítarlegri en í nemendabókinni.

Útgefandi: Námsgagnastofnun

Hvað: Nemendabók, vefur með gagnvirkum æfingum

Fyrir: Yngsta stig

Vefslóð: <http://vefir.nams.is/komdu/index.htm>

Lykilorð: Kynheilbrigði

Kompás

Handbók um mannréttindafræðslu fyrir ungt fólk. Hugmyndir og hagnýt verkefni með áherslu á jafnrétti og mannlega reisn.

Fyrir hverja: Ungligastig, framhaldsskóla

Útgefandi: Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun

Hvað: Handbók

Vefslóð: <http://vefir.nams.is/kompas/>

Lykilorð: Velferð, mannréttindi, kynjajafnrétti, ofbeldi, lýðræði

Litli-kompás

Handbók um mannréttindamenntun fyrir börn. Í bókinni eru 40 fjölbreytt verkefni sem þroska gagnrýna hugsun, ábyrgð og réttlætiskennd og stuðla að því að börn læri að grípa til aðgerða og leggja sitt af mörkum til hagsbóta fyrir skólann sinn og samfélagið

Útgefandi: Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun

Fyrir: Börn

Hvað: Handbók

Vefslóð: http://vefir.nams.is/litli_kompas/index.html

Lykilorð: Velferð, mannréttindi, kynjajafnrétti, ofbeldi, lýðræði

Krakkarnir í hverfinu

Fræðslusýningunni *Krakkarnir í hverfinu* er ætlað að auðvelda börnum að segja frá kynferðislegu ofbeldi sem þau verða fyrir. Boðskapur sýningarinnar er: Þú færð hjálp ef þú segir frá.

Útgefandi: Velferðaráðuneytið, Vitundarvakning um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum

Hvað: Brúðuleiksýning

Fyrir: Yngsta stig, 2.bekkur

Vefslóð: <http://www.velferdarraduneyti.is/vitundarvakning/fraedsluefni/nr/33531>.

Lykilorð: Ofbeldi

Kynferðisleg hegðun barna, hvað er eðlilegt?

Bæklingur um það hvernig greina má á milli eðlilegrar kynferðislegrar hegðunar barna og óeðlilegrar. Í bæklingnum eru atriði sem vert er að hafa í huga þegar kemur að því að fylgjast með kynferðislegri hegðun barna á leikskólaaldri og þar til þau verða tíu ára gömul.

Útgefandi: Barnahús

Fyrir: Foreldra, starfsfólk

Hvað: Bæklingur

Vefslóð: <http://www.bvs.is/files/file951.pdf>

Lykilorð: Ofbeldi, kynferðisofbeldi

Kynferðisofbeldi gegn börnum

Málsmeðferð réttarkerfisins og réttarvernd barna. Markmiðið með ritinu er að: Greina meginreglur samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, Lanzarotesamnings Evrópuráðsins um vernd barna gegn kynferðislegri misnotkun og misneytingu og Leiðbeininga Evrópuráðsins um barnvænlega réttarvörslu, svo og að draga fram þau atriði sem ber að hafa að leiðarljósi við meðferð réttarkerfisins á málum um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum.

Kortleggja meðferð máls um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum innan réttarkerfisins, fjalla um hlutverk, vinnulag og samspil ólíkra aðila og greina hvernig haga megi málsmeðferð til að tryggja fyrirmyndarviðbrögð við kynferðislegu ofbeldi gegn börnum.

Útgefandi: Vitundarvakning um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum og Rannsóknarstofnun Ármanns Snævarr

Fyrir: Starfsfólk, foreldrar og fagstéttir í réttarkerfinu

Hvað: Bók

Vefslóð: http://leidinafram.is/wp-content/uploads/2014/12/Kennsluefni_Final_Net-1.pdf

Lykilorð: Kynferðislegt ofbeldi

Kynfræðsluvefurinn

Fræðslu- og námsvefur þar sem fjallað er á skýran og myndrænan hátt um helstu atriði í tengslum við kynþroska, kynlíf og kynheilbrigði.

Útgáfa: Námsgagnastofnun

Hvað: Vefur

Fyrir: Miðstig, unglingsstigi og framhaldskóla

Vefslóð: <http://www1.nams.is/kyn/index.php?design=true>.

Lykilorð: Kynheilbrigði

Kynjamyndir í skólastarfi

Í bókinni tekið fyrir nám, kennsla og stjórnun skóla í ljósi kynjafræðinnar. Bókin skiptist í 11 kafla og fjalla þeir m.a. um kynferði og vísindi, karlmennsku og kvenleika, konur og kennslu og femínískar kenningar.

Útgefandi: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands (2005)

Hvað: Bók

Fyrir: Starfsfólk á ýmsum skólastigum, unglिंगastig og framhaldsskóli

Lykilorð: Kynjafræði

Kynlega klippt og skorið

Kennsluleiðbeiningar með þemahefti um kynjamál fyrir 10. bekk grunnskóla. Kynlega klippt og skorið er lýsandi heiti á þessu námsefni um kynjamál. Nemendaheftið er sett upp eins og úrklippusafn með efni sem snertir stöðu og hlutverk kynjanna á einn eða annan hátt. Þannig eru ýmsir sterkir áhrifavaldar í umhverfi okkar skoðaðir með tilliti til kynhlutverka og annarra kynbundinna aðstæðna. Fjöldamenningin er skoðuð á gagnrýninn hátt, einkum þau áhrif sem hún hefur haft á viðhorf okkar í gegnum tíðina. Þannig birtast okkur þekktar ævintýrapersónur eða hetjur Íslendingasagnanna í nýju ljósi. Bent er á að staðlaðar hugmyndir um hlutverk kynjanna leynast allt í kringum okkur, hvort sem litið er á minningargreinar, íþróttakappleiki, barnaleikföng eða fornsögurnar

Útgefandi: Námsgagnastofnun

Hvað: Þemahefti

Fyrir: Unglingastig, 10. bekkur

Vefslóð: <http://vefir.nams.is/kynleg/kynleg.pdf>

Lykilorð: Kynjafræði

Kynleg umræða

Saga er lesin þar sem hefðbundnum kynjahlutverkum er ruglað til að kveikja nemendum til umhugsunar. Börnunum er síðan skipt í tvo hópa sem koma saman við blöðin á gólfinu. Annar hópurinn teiknar karl og hinn hópurinn teiknar konu. Mikilvægt er fyrir þennan aldur að þau vinni saman að þessu því annars er hættu á að þau hugsi um allt út frá sjálfum sér, þabba sinn og mömmu og fái sterkt eignarhald á sinni mynd.

Útgefandi: Heimspekitorgið, Jóhanna Guðrún Ólafsdóttir og Lovísa sha Mi

Hvað: Kennsluseðill

Fyrir: Leikskólastig, yngsta stig

Vefslóð: <https://verkefnabanki.files.wordpress.com/2015/03/kynleg-umrc3a6c3b0a.pdf>

Lykilorð: Samræða, kynjafræði, jafnrétti

Kynlíf

Þetta námsefni í kynfræðslu skiptist í blöð sem ætluð eru hvoru kyni fyrir sig. Efnistöð blaðanna eru þó hin sömu. Í blöðunum er fjallað um kynlíf og kynproskann. Ætlast er til að nemendur fái blaðið til eignar. Einnig fylgir myndband með sem ber undirtitilinn Forfallakennarinn.

Útgefandi: Námsgagnastofnun, Ásdís Olsen (2006).

Hvað: blöð, myndaband, kennsluleiðbeiningar

Fyrir: Miðstig, unglिंगastig, framhaldsskóli, foreldrar

Vefslóð: http://www1.nams.is/kyn_torg/index.php

Lykilorð: Kynfræðsla

Kynungabók

Upplýsingar um jafnrétti kynja til að vekja ungt fólk til umhugsunar um mótun kynjanna út frá menningu og umhverfi

Útgáfa: Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Hvað: bók, pdf

Ártal: 2010

Fyrir: Unglingastig

Vefslóð: <http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf/kynungabok-vefutgafa.pdf>

Lykilorð: Ofbeldi, kynheilbrigði og jafnrétti

Könnun á líðan í bekknum – hópnum

Nemendur eru beðnir að skrifa einn tölustaf á ómerkta miða sem þeir brjóta saman og afhenda kennaranum. Tölurnar eru á bilinu 1–10. Talan 10 merkir að nemandanum geti ekki liðið betur í bekknum en talan 1 að honum líði mjög illa þar. Kennarinn skráir tölurnar af miðunum á mæli með skalanum 1–10, sem hann hefur teiknað og sett upp á töflu. Nemendur og kennarinn skoða niðurstöðurnar saman og ræða um merkingu þeirra og hvernig hægt sé að bregðast við þeim. Að sjálfsögðu er ekki ætlunin að nemendur reyni að greina hver á hvaða svar en ef einhverjir nemendur gefa líðan sinni mjög lágar einkunnir þarf kennarinn að halda vöku sinni og reyna að átta sig á því um hvern er að ræða og ræða við hann í trúnaði. (Úr bókinni Ofbeldi gegn börnum – hlutverk skóla).

Útgáfa: Vitundarvakning um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum og Námsgagnastofnun Reykjavík

Hvað: Hópverkefni

Fyrir: Yngsta stig, miðstig og unglingsstig

Vefslóð: [vefur pdf](#)

Lykilorð: Líðan barna

Leiðin áfram

Tvö fræðslumyndbönd um réttarvörslukerfið fyrir brota- þola og aðstandendur þeirra. Annað er ætlað brotapolum yngri en fimmtán ára og hitt er ætlað brotapolum eldri en fimmtán ára. Leiðin áfram er textuð á sex tungumál og er þannig aðgengileg unglingsum af erlendum uppruna og foreldrum þeirra, sem og heyrnarskertum Íslendingum.

Útgáfa: Vitundarvakning um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi

Hvað: Myndbönd

Fyrir: Brotapola og aðstandendur þeirra

Vefslóð: <http://leidinafram.is/>

Lykilorð: Ofbeldi

Leið þín um lífið

Siðfræði fyrir ungt fólk. Þessi bók er ætluð unglingsstigi grunnskóla. Hún skiptist í átta kafla sem hver um sig fjallar um ýmis svið lífsins. Spurt er spurninga eins og: Hvernig lífi viltu lífa? Hvaða hugmyndir gerir þú þér um gott líf? Hvaða lífsleiðir standa til boða? o.s.frv. Í bókinni eru einnig fjöldi verkefna.

Útgefandi: Námsgagnastofnun (2008)

Hvað: Bók

Fyrir: Unglingstig

Vefslóð: http://www.nams.is/lifsleikni/l_t_u_lifid_v.blod.pdf

Lykilorð: Siðfræði, jafnrétti, kynjafræði, kynhneigð

Leyndarmálið – segjum nei, segjum frá!

Forvarnarfræðsla um réttindi barna og kynferðislega misnotkun. Teiknimynd sem upplýsir börn um hvað kynferðislegt ofbeldi er og hvernig þau geti brugðist við slíkri ógn. Stuðningsefni fyrir kennara fylgir.

Útgefandi: Samtökin Réttindi barna

Hvað: Teiknimynd, leiðbeiningar og litablað

Ártal: 2011

Fyrir: Yngsta stig, 3. bekkur

Vefslóð: http://eldri.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-4355/7423_view-4091/

Lykilorð: Ofbeldi

Lifað í lýðræði

Handbók ætluð kennurum. Kennsluáætlanir um lýðræðislega borgaravitund og mannréttindamenntun fyrir unglingastig grunnskóla.

Útgáfa: Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun

Hvað: Rafbók

Fyrir: Unglingastig

Vefslóð: <http://www.nams.is/Namsefni/Valid-namsefni/?productid=b53ce418-b426-11e3-920c-0050568632e8>.

Lykilorð: Lýðræði, sjálfsmynd, jafnrétti

Líkami minn og tilfinningar

Líkami minn og tilfinningar er fræðsluefni á íslensku táknmáli. Það er raddsett svo það getur nýst fleirum en þeim sem tala/skilja táknmál. Um er að ræða kynningu, leiðbeiningar um notkun, þrískipt efni um líkamann, tilfinningar og muninn á góðum og slæmum leyndarmálum. Fræðsluefnið er í formi myndbanda og ætlað uppalendum til að horfa á með börnum sínum.

Fyrir hverja: Foreldrar, öll aldurstig

Útgefandi: Samskiptamiðstöð heyrnar- lausra og heyrnarskertra í samvinnu við Félag heyrnarlausra

Hvað: Myndbönd

Vefslóð: http://is.signwiki.org/index.php/Flokkur:L%C3%ADkami_minna_og_tilfinningar

Lykilorð:

Líkt og ólíkt

Markmið þessarar bókar er að koma kynjasjónarmiðunum að í kennaranámi og í skólum og leikskólum almennt. Hún byggir á reynslu norrænnar þróunarvinnu og er í raun endapunktur NORD-LILIA verkefnisins. En það fól í sér 62 þróunarverkefni í skólum á Norðurlöndunum. Bókin er ætluð kennaranemum, kennurum og áhugafólki um kyn og uppeldisfræði.

Útgefandi: Háskólaútgáfan (1998)

Hvað: Bók

Fyrir: Starfsfólk

Vefslóð: http://haskolautgafan.hi.is/lik_og_olikt

Lykilorð: Jafnrétti, kynjafræði

Maðurinn, hugur og heilsa

Grunnbók um mannlíkamann, fjallar m.a. um breytingar sem verða á mannlíkamanum kynþroska

Útgefandi: Námsgagnastofnun

Hvað: Bók

Fyrir: Miðstig

Vefslóð: <http://www.nams.is/Namsefni/Valid-namsefni/?productid=e68f4797-d8a1-46fe-8ec4-996bc01ef690>

Lykilorð: Kynheilbrigði

Mannlíkaminn

Mannlíkaminn er í flokknum Litróf Náttúrunnar sem er námsefni í náttúrufræði fyrir unglingastig. Bókin er í sjö köflum og fjallar um gerð og starfsemi líkama mannsins. Í upphafi er fjallað um frumur, síðan er umfjöllun um einstök líffæri og líffærakerfi og greint frá gerð þeirra og helstu verkefnum.

Útgefandi: Námsgagnastofnun (2011)

Hvað: Bók, kennarabók og gagnvirk verkefni

Fyrir: Unglingastig

Vefslóð: <http://www.nams.is/Namsefni/Valid-namsefni/?productid=d6e5090f-b95d-4c56-9230-8bbec6550177>

Lykilorð: Kynferðislegt ofbeldi

Margt er um að velja

Margt er um að velja er náms- og starfsfræðsla fyrir unglingastig grunnskóla. Efnið er þannig byggt upp að það á að hjálpa nemendum að þekkja sjálfa sig og umhverfi sitt. Þannig á það að aðstoða unglingana við náms- og starfsval. Í námsefninu er komið inn á hluti eins og kynbundna starfshugsun og staðalmyndir hefðbundinna kvenna- og karlastarfa.

Útgefandi: Námsgagnastofnun

Hvað: Vefsvæði, verkefni

Fyrir: Unglingastig

Vefslóð: http://vefir.nams.is/margt_er_um_ad_velja/

Lykilorð: Kynjafræði, staðalmyndir

Mat á líðan barna

Eitt af því sem kennari getur gert til að fylgjast með líðan nemenda er að leggja reglulega kannanir fyrir þá. Fyrir yngstu börnin er einfalt að vera með einfalda mynd af þremur andlitum í röð, það fyrsta er broandi og glatt, annað er hlutlaust og það þriðja er leitt. Kennarinn biður barnið að bregðast við fullyrðingum með því að benda á eða merkja við viðeigandi andlit. Kennarinn notar fullyrðingar miðað við aðstæður hverju sinni. Hér eru nokkur dæmi: „Mér finnst gaman í leikskólanum/skólanum.“ „Það er gaman að vera úti að leika/í frímínútum.“ „Ég á marga vini í skólanum.“

Á svipaðan hátt má kanna líðan eldri nemenda en nota í staðinn kvarða, t.d. frá 1–5, sem nemendur merkja við. Leita þarf nánari skýringa þegar svör nemenda gefa vísbendingu um vanlíðan og þá er gott að ræða um hvað hægt sé að gera til að bæta ástandið. (Úr bókinni Ofbeldi gegn börnum – hlutverk skóla).

Útgáfa: Vitundarvakning um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum og Námsgagnastofnun Reykjavík

Hvað: Könnun

Fyrir: Börn: yngsta stig (u.þ.b. 2–10 ára)

Vefslóð: [vefur pdf](#)

Lykilorð: Líðan barna

Menntun, forysta og kynferði

Í bókinni er fjallað um jafnréttisáhersluna sem kom upp í skólastarfi á 8. og 9. áratug síðustu aldar og það hvernig staða drengja í skólum er talin vera orðin lök. Hún tekur það fyrir hvað konur eru orðnar margar í menntakerfinu en jafnrétti sé þó ekki náð í launum og völdum þeirra.

Útgefandi: Háskólaútgáfan (2007). Höfundur og ritstjóri: Guðný Guðbjörnsdóttir

Hvað: Bók

Fyrir: Starfsfólk og foreldrar

Vefslóð: http://haskolautgafan.hi.is/menntun_forysta_og_kynferdi

Lykilorð: Jafnrétti, kynjafræði

Nám í skóla um hamingju og velferð - Að sitja fíl

Nám í skóla um hamingju og velferð – Að sitja fíl er handbók fyrir kennara sem byggist á hugmyndum jákvæðrar sálfræði. Í henni er meðal annars að finna hugmyndir um viðfangsefni í kennslustundum og ráðleggingar um hvernig má innleiða verkefni sem aukið geta velfarnað nemenda.

Útgefandi: Námsgagnastofnun (2012)

Hvað: Fræðslubæklingur, handbók

Fyrir: Miðstig, unglingsstig, framhaldsskóli

Vefslóð: <http://www.nams.is/Namsefni/Valid-namsefni/?productid=86f836c0-b42d-4341-a161-0e35e528837f>

Lykilorð: Velferð

Nýir drengir og nýjar stúlkur – ný uppeldisstefna?

Þetta er bók sem sýnir fram á hversu margt það er sem er ólíkt fyrir stráka og stelpur. Þannig þurfa þau oft og tíðum á misjöfnum upplifunum að halda til að geta verið hamingjusöm. Þessi bók er því kjörin fyrir fólk sem kemur að uppeldismálum og kennslu á öllum skólastigum, einnig á leikskólum.

Útgefandi: Ole Bredesen, Norræna ráðherranefndin

Hvað: Rafræn bók

Fyrir: Starfólk og foreldra

Vefslóð: http://www.jafnretti.is/D10/_Files/Ny_uppeldisfraedi.pdf

Lykilorð: Kynjafræði, jafnrétti

Ofbeldi á heimili - með augum barna

Bókin er framlag til rannsókna á heimilisofbeldi, vanrækslu og misbeitingu gagnvart börnum og mæðrum og er jafnframt innlegg í baráttuna gegn þessu alvarlega þjóðfélagsmeini.

- Hvaða vitneskju hafa börn og unglingar um ofbeldi á heimilum?
- Hvernig bregðast þau við ofbeldi á heimili sínu?
- Hvaða áhrif hefur það að búa við heimilisofbeldi árum saman?
- Hvernig finnst börnum fagaðilar og grunnskólinn liðsinna þeim við slíkar aðstæður?
- Draga fjölmiðlar upp raunsanna mynd af þessari reynslu barna og unglinga?

Útgáfa: Háskólaútgáfan (2014). Ritstjóri: Guðrún Kristinsdóttir

Hvað: Bók

Fyrir: Almennig, fræðimenn, háskólanema og alla sem sinna börnum og unglingum

Vefslóð:

http://haskolautgafan.hi.is/ofbeldi_%C3%A1_heimili_me%C3%B0_augum_barna

Lykilorð: Ofbeldi

Ofbeldi – hugtakaleikur

Ofbeldi á sér stað. Þegar skólar vinna að því að skilgreina jákvæð samskipti og skólabrag snýst það að miklu leyti um að byggja upp samskiptamynstur og andrúmsloft þar sem ofbeldi er í lágmarki. Í flestum skólum tekst þetta vel og oft tengist það því að málin eru rædd opinskátt og samfélagið leitar sameiginlegra leiða til að halda samskiptum jákvæðum og leysa mál á uppbyggilegan hátt. Í verkefninu skilgreina nemendur ofbeldi með því að rýna í dæmi úr daglegu lífi og skólasterfi til að finna hvaða rök skipta máli.

Útgefandi: Heimspekitorgið, Brynhildur Sigurðardóttir

Hvað: Kennsluseðill

Fyrir: Miðstig, unglingsstig og framhaldsskóli

Vefslóð: https://verkefnabanki.files.wordpress.com/2013/08/hugtakaleikur_ofbeldi.pdf

Lykilorð: Samræða, Ofbeldi, einelti

Píkutorfan

Í bókinni er að finna 20 sjálfstæðar greinar um óskrifaðar reglur kynjahlutverkanna og hvernig höfundar greinanna hafa lent í þeim. Bókin var skrifuð af ungum femínistum í Svíþjóð með það að markmiði að virkja gagnrýna hugsun um þessi mál.

Útgefandi: Forlagið (2000)

Hvað: Bók

Fyrir: Unglingastig, framhaldsskóli

Lykilorð: Kynjafræði, staðalmyndir

Saft fræðsla

Heimili og skóli og SAFT, vakningarátak um örugga tækninotkun barna og unglinga á Íslandi, gefa út fjölbreytt námsefni, bjóða upp á fjölda fyrirlestra og námskeið um netið og nýmiðla fyrir nemendur, foreldrafélög, skólaráð, kennara og félagasamtök.

1) Netið og samfélagsmiðlar, 2) Unglingarnir og netið, 3) Meir en 1000 orð: Það sem þú þarft að vita um #selfie og #sexting áður en það er of seint, 4) Jákvæð og örugg netnotkun barna og unglinga, 5) Að éta börnin sín – hugleiðingar um byltingu, 6) Netfíkn 7) Bara 5 mínútur í viðbót.

Útgefandi: Heimili og skóli og SAFT

Hvað: Vefsíða, fyrirlestrar, námsefni, bæklingar
Fyrir: öll aldurstig, foreldra og starfsfólk
Vefslóð: <http://www.saft.is>
Lykilorð: Velferð, netöryggi

Sagan af Sylvíu og Sarra

Sagan segir frá þeim Sylvíu og Darra sem eru ungt par sem er að hefja sambúð. Þegar sambúðin er hafin komast þau að því að hugmyndir þeirra um verkaskiptingu innan heimilisins er mjög ólík. Þegar þau eru bæði komin í góða vinnu eignast þau sitt fyrsta barn og fer þá að reyna á sambandið fyrir alvöru. Myndin er um 25 mínútur að lengd.

Útgefandi: Litla gula hænan, Ásthildur Kjartansdóttir (2000)
Hvað: Kvikmynd
Fyrir: Unglingastig, framhaldsskóli
Vefslóð: <http://www.nams.is/Namsefni/Valid-namsefni/?productid=59f6b9c8-fe28-447f-8a22-45bcd5152e69>
Lykilorð: Jafnrétti

Sambönd og samskipti

Greinar og upplýsingar um ýmislegt er varðar sambönd og samskipti ungmenna. Fjallað er um heilbrigð sambönd og einnig gefin góð ráð um hvernig best er að bregðast við þegar fólk lendir í alvarlegum erfiðleikum í samböndum við kærustu/kærasta eða sína nánustu.

Útgáfa: Embætti landlæknis
Hvað: Greinar á vef
Fyrir: Unglingastig, framhaldsskóla og foreldra
Vefslóð: <http://www.landlaeknir.is/um-embattid/greinar/grein/item18291/Sambond-og-samskipti>
Lykilorð: Ofbeldi, kynferðisofbeldi

Samræða í dagsins önn: Jafnrétti

Samskipti kynjanna er viðfangsefni þessa verkefnis en það er hitamál í víða í hinum vestræna heimi. Þegar slík málefni eru tekin til umræðu í hópi unglunga spretta fram sterkar skoðanir, fordómar, staðalmyndir og hugsjónir. Oft verður umræðan tilfinningaþrungin og aðilar stilla sér upp í andstöðu hverjir við aðra. Það er meðal annars þess vegna sem þessi æfing er mikilvæg og á brýnt erindi til unglunga í dag.

Útgefandi: Heimspekitorgið, Brynhildur Sigurðardóttir og Thomas Jackson.
Hvað: Kennsluseðill
Fyrir: Unglingastig
Vefslóð: <https://verkefnabanki.files.wordpress.com/2013/04/samraeda-i-dagsins-onn2.pdf>
Lykilorð: Samræða, kynjafræði, jafnrétti, ofbeldi

Samtökin 78

Fyrir nemendur: Boðið er uppá jafningjafræðslu í efri bekkjum grunnskóla og í menntaskólum. Tilgangur fundanna er að fræða og upplýsa nemendur um hvað í því felst að vera hinsegin manneskja og hvernig beri að nálgast þennan þátt lífsins á ábyrgan hátt. Gestirnir hefja fundina á stuttri kynningu á málefninu sem þau flétta inn í

frásögn af sjálfum sér en síðan taka við spurningar og umræður. Þetta fyrirkomulag mælist vel fyrir og er vinsælt meðal nemenda. Alltaf er lögð áhersla á að fundirnir séu líflegir og fræðandi í senn.

Fyrir starfsfólk: Fræðsla um líf og tilveru hinsegin fólks. Með þessu starfi er leitast við að auðvelda kennurum og öðru starfsfólki skóla að taka á ýmsum málum sem lúta að hinsegin fólki á raunhæfan og faglegan hátt því að í öllum skólum og flestum bekkjardeildum er að finna ungt fólk sem er að velta fyrir sér kynhneigð og/eða kynvitund sinni eða tengist hinsegin manneskju fjölskylduböndum. Tekið er á ýmsum mikilvægum þáttum, svo sem markmiðum og leiðum með fræðslu, mögulegum vandamálum sem kunna að koma upp í skólastarfi og varða samkynhneigð, tvíkynhneigð eða transgender málefni og loks er bent á heppilegt fræðsluefni.

Útgefandi: Samtökin 78

Hvað: Vefsíða, fyrirlestrar og ráðgjöf

Fyrir: Unglingastig, framhaldsskóli, starfsfólk

Vefslóð: <http://www.samtokin78.is/>

Lykilorð: Kynhneigð

Samvinnuleikir

Þegar unnið er með fjölbreyttan barnahóp er mikilvægt að leggja áherslu á að efla samvinnu á milli barnanna. Það má meðal annars gera með því að fara í leiki eða vinna verkefni sem hafa það að markmiði að allir vinni saman og til þess að leikurinn eða verkefnið gangi upp þurfa allir að hjálpast að. Hér eru ýmsar hugmyndir að leikjum sem hægt er að fara í til þess að efla samvinnu barnanna í hópnum, virðingu þeirra hvert fyrir öðru og um leið orðaforða yfir það sem verið er að gera hverju sinni.

Fyrir hverja: Leikskólastig, yngsta stig

Höfundar: Leikskólasvið Reykjavíkurborgar: Fjölmennig í leikskólum

Hvað: Vefsíða, leikir

Vefslóð: http://eldri.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-2332/4197_view-55/

http://eldri.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-2332/4197_view-79/.

Lykilorð: Fjölmennig

Samþykki er sexý

Samþykkishópurinn (bæklingur). Samþykki er sexý, um mörk kynlífs og ofbeldis.

Útgáfa: Samþykkishópurinn

Hvað: Bæklingur

Fyrir: Unglingastig

Vefslóð:

https://samthykkishopurinn.files.wordpress.com/2013/09/c3beamc3beykkiersexc3bd_finna_test.pdf

Lykilorð: Ofbeldi, Kynferðislegt ofbeldi

Skólabragur –saman í sátt

Saman í sátt – Leiðir til að fást við einelti og samskiptavanda í skólum er handbók sem fjallar um leiðir til að fást við einelti og samskiptavanda í skólum. Spurningalisti til útprintunar.

Útgáfa: Námsgagnastofnun Reykjavík

Hvað: Handbók og spurningalistar

Fyrir: Starfsfólk í skólum

Vefslóð: www.nams.is/Namsefni/Valid-namsefni/?productid=0845c656-9a8e-4a02-b94b-7640c762587e

Lykilorð: Ofbeldi, einelti

Sigga Dögg

Kynfræðsla fyrir unglunga í grunnskólum, allt frá 7. bekk til 10. bekkjar og í framhaldsskólum – bæði í lífsleikni, þemadögum og á vegum nemendafélaganna. Fræðsla fyrir foreldra og starfsfólk skóla (kennarar, hjúkrunarfræðingar, starfsfólk félagsmiðstöðva): Hvernig tala fullorðnir við börn og unglunga um kynlíf?

Útgefandi: Sigga Dögg

Hvað: Vefsíða, fyrirlestrar, bók *Kjafnað um kynlíf* handbók fyrir fullorðna til að ræða um kynlíf við börn og unglunga.

Fyrir: Unglingastig, framhaldsskóla, starfsfólk og foreldra

Vefslóð: www.siggadogg.is

Lykilorð: Kynfræðsla

Spor 1 - 4 klípusögur

Lífsleiknibækur fyrir yngsta stig Spor 1 - 4. Helstu markmið efnisins eru að efla tilfinningaþroska og samskiptahæfni nemenda

Hvað: bækur

Fyrir: Yngsta stig

Vefslóð: <http://www.nams.is/Namsefni/Namsgrein/?categoryid=d2cf6ac9-2f54-4846-a11f-03c9057df6e9>

Lykilorð: Samskipti og framkoma

Sports, Media and Stereotypes Women and Men in Sports and Media

Markmið verkefnisins var tvíþætt. Annars vegar að skapa þekkingu á hlut og hlutverk karla og kvenna í íþróttufréttum í Evrópu og hinsvegar að finna leiðir til að brjóta upp staðalmyndir kynjanna í tengslum við íþróttir. Fjölmíðlar eiga stóran þátt í ímyndasköpun bæði kvenna og karla. Karlar eru á margan hátt ráðandi í íþróttaumfjöllun fjölmiðla meðal annars sem íþróttaiðkendur, álitsgjafar og íþróttufréttamenn. Þessi veruleiki endurspeglast einnig í þeirri almennu trú að karlar séu virkir gerendur í íþróttum en konur aftur á móti sitji hjá á þessu sviði. Það má ljóst vera að rannsóknir á þessum kynjaða veruleika íþróttahéimsins eru sérstaklega mikilvægar og má þar nefna þá staðreynd að stúlkur hætta oft á tíðum að stunda skipulagðar íþróttir þegar þær ná unglingsaldri en það sama gildir ekki um karlkyns jafnaldra þeirra. Þetta hefur að hluta verið rakið til skorts á kvenkyns fyrirmyndum í íþróttaumfjöllun fjölmiðla.

Útgefandi: Evrópusambandið, Jafnréttisstofa

Hvað: Skýrsla

Fyrir: Starfsfólk

Vefslóð: http://jafnretti.is/D10/_FILES/sms_report_lokaloka.pdf

Lykilorð: Jafnrétti

Stattu með þér!

Stuttmynd um sjálfsvirðingu, ofbeldi og að setja mörk. Forvarnar- og fræðsluefnið Stattu með þér!, sem er 20 mínútna löng stuttmynd ætluð nemendum á miðstigi grunnskóla. Myndinni er ætlað að spyrna gegn kynferðisofbeldi og klámvæðingu með sjálfsvirðingu og jákvæðni að leiðarljósi. Stattu með þér! er fyrsta fræðsluefni sinnar tegundar fyrir þennan aldurshóp og standa vonir til að kennarar og foreldrar nýti það til að efla 10-12 ára börn í; að standa með sér gegn staðalímyndum og útlitsdýrkun og rækta sjálfsvirðingu í mannlegum samskiptum.

Útgáfa: Vitundarvakning um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum

Hvað: Stuttmynd, lag og leiðarvísir

Fyrir: Miðstig

Vefslóð: <http://www.velferdarraduneyti.is/stattumedther/>

Lykilorð: Ofbeldi, kynheilbrigði, sjálfsmynd, líkamsvirðing

Stig af stigi

Stig af stigi er námsefni til að þjálfá félags- og tilfinningaþroska barna á aldrinum 4 - 10 ára. Efninu er skipt upp í þrjá hluta og er sá fyrsti ætlaður tveimur elstu árgöngunum í leikskóla og fyrsta bekk í grunnskóla.

Útgefandi: Reynir-ráðgjafastofa (2002)

Hvað: Kennslukassi: Brúðuleikhús og myndaspjöld

Fyrir: leikskólastig, yngsta stig

Lykilorð: Félagsfærni

Svona varð ég til

Flestir krakkar spyrja sig einhvern tíma spurninga á borð við: Hvernig verða börnin eiginlega til? Er það satt að öll börn verði til úr frumu og egg? Hafa allir verið í maganum á mömmu sinni og hvað gerist þar inni í níu langa mánuði? Hvað stjórnar því hvort barn verður stelpa eða strákur? Hvernig kemst barnið svo út úr maganum?

Í þessari bók er þessum spurningum og mörgum öðrum svarað á einkar líflegan og skemmtilegan hátt í máli og myndum. Fjallað er um það mikla ævintýri sem á sér stað þegar líf kviknar og barn fæðist – ævintýrinu sem allir hafa upplifað sjálfir en muna samt ekkert eftir því!

Útgefandi: Forlagið

Hvað: Barnabók

Fyrir: Leikskólastig, yngsta stig, foreldrar

Vefslóð: <http://www.forlagid.is/?p=6149>

Lykilorð: Kynfræðsla

Tengslakönnun

Gott er að leggja tengslakönnun og könnun um líðan reglulega fyrir nemendur. Einnig er mikilvægt að kennarinn skapi tækifæri til að ræða einslega við hvern og einn nemanda til að fá innsýn í líðan hans og stöðu í félagahópnum. Ekkert getur þó komið í stað þess að allir nemendur séu þess fullvissir að kennarinn beri umhyggju fyrir þeim.

Hjá Sagos má sjá leiðbeiningar um notkun tengslakönnunar: <http://www.sagos.is/>. Nýta þarf niðurstöður til að takast á við vanda um leið og vísbendingar gefa hann til kynna. (Úr bókinni Ofbeldi gegn börnum – hlutverk skóla).

Útgáfa: Vitundarvakning um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum og Námsgagnastofnun Reykjavík
Hvað: Könnun
Fyrir: Unglingastig
Vefslóð: <http://www.sagos.is/>
Lykilorð: Velferð

Tölum saman: Kynlíf –unglingar

Bæklingur fyrir unglunga þar sem meðal annars skrifað um rétt unglunga í kynlífi, bjartar og dökkar hliðar kynlífs og hvert hægt sé að leita til að fá upplýsingar um kynlíf.

Útgefandi: Fræðslusamtök um kynlíf og barneignir (FKB), Lýðheilsustöð, Forvarnarnefnd Reykjavíkurborgar og Landlæknisembættið.
Hvað: Fræðslubæklingur
Fyrir: Unglingastig
Vefslóð: <http://www.landlaeknir.is/um-embattid/frettir/frett/item17260/Tolum-saman---samskipti-foreldra-og-barna-um-kynlif>
Lykilorð: Kynfræðsla

Tölum saman: Samskipti foreldra og barna um kynlíf

bæklingur þar sem fjallað er um mikilvægi þess að börn og unglingar fræðist um kynlíf, þroska barna á hinum ýmsu aldurskeiðum og leiðir fyrir foreldra til að ræða um kynlíf við börn og unglunga.

Útgefandi: Fræðslusamtök um kynlíf og barneignir (FKB), Lýðheilsustöð, Forvarnarnefnd Reykjavíkurborgar og Landlæknisembættið.
Hvað: Fræðslubæklingur
Fyrir: Foreldrar
Vefslóð: <http://www.landlaeknir.is/um-embattid/frettir/frett/item17260/Tolum-saman---samskipti-foreldra-og-barna-um-kynlif>
Lykilorð: Kynfræðsla

Umboðsmaður barna

Vefsíðunni Barn.is er haldið úti af Umboðsmanni barna á Íslandi en hann vinnur að því að bæta hag barna og unglunga og gætir þess að tekið sér tillit til réttinda barna, þarfa og hagsmuna á öllum sviðum samfélagsins. Á vefsíðunni er að finna víðtækan fróðleik er varðar málefni barna.

Útgefandi: Umboðsmaður barna
Hvað: Vefsíða
Fyrir: börn og foreldra
Vefslóð: <https://www.barn.is/>
Lykilorð: Velferð og réttindi barna

Uppvöxtur í lýðræði

Handbók ætluð kennurum. Í ritinu Uppvöxtur í lýðræði er að finna kennsluáætlanir um lýðræðislega borgaravitund og mannréttindi fyrir miðstig grunnskóla.

Útgáfa: Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun
Hvað: Rafbók

Fyrir: Miðstig

Vefslóð: <http://vefir.nams.is/flettibaekur/namsefni/uppvoxturilid/#152>

Lykilorð: Mannréttindi, lýðræði

Um stelpur og stráka

Bókin er í fjórum köflum. Fyrsti kafli er um kynþroskann og þær breytingar sem hann hefur í för með sér. Kafli tvö er um ást og kynlíf. Sá þriðji fjallar um kynheilbrigði og fjórði og síðasti kafli er um barneignir. Bókinni fylgja kennsluleiðbeiningar á vef.

Útgefandi: Námsgagnastofnun, Erla Ragnarsdóttir og Þórhalla Arnardóttir (2006)

Hvað: Bók

Fyrir: Unglingastig

Vefslóð:

<http://www.nams.is/Namsefni/Namsgrein/?searchtype=store&search=um+stelpur+og+str%C3%A1ka>

Lykilorð: Kynfræðsla

Úr viðjum vanans

Þetta er B.Ed. verkefni Höllu Gunnarsdóttur frá Kennaraháskóla Íslands frá árinu 2002 og jafnframt fræðsla fyrir kennara og fólk sem starfar við uppeldismál. Í ritgerðinni er kynmótun og kynferðislegt ofbeldi tekið fyrir. Þar eru einnig hugmyndir að kennsluefni tengdu þessum málum. Í ritgerðinni er farið yfir það hvernig kynmótun samfélagsins viðheldur mismun kynjanna og upplýsingar um kynferðislegt ofbeldi eru þannig grafnar niður. Í hverjum kafla er að finna almenna fræðslu fyrir kennarann og í lok hvers kafla eru hugmyndir að því hvernig efnið er nýtt til kennslu.

Útgefandi: Verkefni við Kennaraháskóla Íslands, Halla Gunnarsdóttir

Hvað: B.Ed. ritgerð

Fyrir: Starfsfólk

Vefslóð: http://halla.is/?page_id=11

Lykilorð: Kynjafræði, ofbeldi, jafnrétti

Vefurinn 6h.is

Á vefnum er umfjöllun um heilbrigð samskipti og ofbeldi. Farið yfir ýmsa þætti er varða kynheilbrigði og kynferðislegt ofbeldi.

Útgefandi: Embætti landlæknis og Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins

Fyrir: Börn, unglunga og foreldra

Hvað: Vefsíða

Vefslóð: www.6h.is/

Lykilorð: Kynheilbrigði, ofbeldi, jafnrétti

Verndum börn

Upplýsingar um ofbeldi á börnum, einkenni, afleiðingar og hvert er hægt að leita ef grunur vaknar um ofbeldi á barni. Samkvæmt Barnasáttmálanum skulu allir sem taka ákvarðanir fyrir börn taka mið af því sem er börnum fyrir bestu og þeir sem stjórna landinu skulu gera allt sem þeir geta til að réttindi barna séu virt. Íslensk stjórnvöld staðfestu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna árið 1992. Samkvæmt honum, eiga öll börn rétt á vernd óháð búsetu, útliti, kyni, trú og siðum.

Útgefandi: Barnaheill Save the Children á Íslandi
Fyrir hverja: Starfsfólk, foreldrar og almenningur
Hvað: vefsíða
Vefslóð: <http://www.vernduborn.is/>
Lykilorð: Ofbeldi

Verndarar barna

Námskeiðið Verndarar barna er fræðsla í forvörnum og viðbrögðum við kynferðislegri misnotkun á börnum. Markmiðið er að veita fullorðnu fólki öflugra fræðslu og markvissa þjálfun í að fyrirbyggja, þekkja og bregðast við kynferðislegri misnotkun barna af festu og ábyrgð.

Námsefnið Verndarar barna er fyrir: Fullorðna einstaklinga sem bera ábyrgð á umönnun og verndun barna; sínum eigin eða annarra. Stofnanir og félagasamtök sem bera ábyrgð á eða þjóna börnum og unglíngum.

Efnið byggist á: 7 skrefa til verndar börnunum, verkefnabók og stefnumótunarpplýsingar fyrir félagasamtök, stofnanir og fyrirtæki.

Ávegum: Blátt áfram
Hvað: Námskeið
Fyrir: Starfsfólk
Vefslóð: <http://www.forlagid.is/?p=6149>
Lykilorð: Ofbeldi

Verndum þau

Það er mikilvægt fyrir alla þá sem starfa með börnum og unglíngum að vera meðvitaðir um skyldur sínar og ábyrgð. Þeir þurfa að geta lesið í vísbendingar um hvort vanræksla eða ofbeldi, hvort sem það er andlegt, líkamlegt eða kynferðislegt, eigi sér stað og vita hvernig bregðast á við ef slík mál skjóta upp kollinum.

Í bókinni Verndum þau er fjallað um alla þessa þætti á aðgengilegan hátt og lesendur eru upplýstir um eðli og birtingarmyndir ofbeldis og vanrækslu, auk þess sem gerð er grein fyrir ferli mála af þessu tagi hjá barnaverndaryfirvöldum og innan dómskerfisins.

Höfundar bókarinnar, Ólöf Ásta Farestveit uppeldis- og afbrotufræðingur og Þorbjörg Sveinsdóttir MSc í sálfræði, starfa í Barnahúsi. Verndum þau er bók er nauðsynleg bók fyrir þá sem starfa með börnum og unglíngum, í skólum og íþrótt-, félags- og æskulýðsstarfi af öllu tagi.

Útgefandi: Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Æskulýðsvettvangurinn. (2013)
Hvað: Bók
Fyrir: Starfsfólk
Vefslóð: <http://www.forlagid.is/?p=621245>
Lykilorð: Ofbeldi

Vinátta

Forvarnarverkefni gegn einelti. Vinátta eða *Fri for mobberi* byggir á nýjustu rannsóknum á einelti og á ákveðinni hugmyndafræði og gildum sem skulu samofin öllu skólustarfinu auk raunhæfra verkefna fyrir nemendur, starfsfólk og foreldra.

Útgefandi: Barnaheill
Hvað: Verkefni
Fyrir: Leikskólastig og yngsta stig, starfsfólk og foreldrar
Vefslóð: <http://www.barnaheill.is/Vinata>
Lykilorð: Ofbeldi, einelti

Vinir Zippýs

Námsefni fyrir fimm til sjö ára börn um ráð til glíma við erfiðleika í daglegu lífi, tilfinningar og aðstoð við aðra. Leiðbeiningar og námskeið fyrir foreldra og kennara.

Útgefandi: Embætti landlæknis

Hvað: Kennslugögn, myndband og námskeið

Fyrir: Leikskólastig, fimm til sjö ára, foreldra og starfsfólk

Vefslóð: <http://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/verkefni/item17786/Vinir-Zippys>

Lykilorð: Vellíðan

Virðing og umhyggja – Ákall til 21. aldar

Fátt er mikilvægara en uppeldi og menntun æskufólks. Hér er athyglinni beint að því hlutverki uppalenda, einkum í skólastarfi, að rækta mikilvæg gildi í samskiptu fólks sem almenn samstaða ríkir um: virðingu, og umhyggju, vináttu og kærleika, réttlæti og umburðarlyndi.

Þessi bók um virðinguna er leiðarljós sem vísar veginn í uppeldi til sjálfsvirðingar sem er traustasti lykilinn að því að bera virðingu fyrir öðrum (Vigdís Finnbogadóttir).

Útgefandi: Heimskringla. Háskólaforlag Máls og menningar. Höfundur: Sigrún Aðalbjarnardóttir

Hvað: Bók

Fyrir: Leikskólastig, fimm til sjö ára, foreldra og starfsfólk

Vefslóð: <http://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/verkefni/item17786/Vinir-Zippys>

Lykilorð: Vellíðan, lýðræði, virðing, umhyggja

Það er staður í helvíti fyrir konur sem hjálpa ekki hver annarri

Í þessari bók rekja höfundar hvernig komið er öðruvísi fram við konur en karla allt frá frumbersku og hvernig kynferðið vinnur gegn konum frá upphafi. Þær nefna fjölmörg dæmi, bæði frá persónulegu lífi og rannsóknum. Bókin er upphaflega skrifuð til að leggja bættum samskiptum kynjanna lið.

Útgefandi: Uppheimar (2006)

Hvað: Lestrarbók

Fyrir: Unglingastig og framhaldsskólastig

Vefslóð: <http://www.forlagid.is/?p=607737>

Lykilorð: Jafnrétti

Þátttaka í lýðræði

Handbók ætluð kennurum. Kennsluáætlanir um lýðræðislega borgaravitund og mannréttindamenntun fyrir framhaldsskólastig.

Útgáfa: Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun

Hvað: Rafbók

Fyrir: Framhaldsskóla

Vefslóð: <http://vefir.nams.is/flettibaekur/namsefni/thatttaka/>

Lykilorð: Lýðræði

Þegar Rósa var Ragnar , þegar Friðrik var Fríða

Bókinni er ætlað að skapa umræður með ungum börnum um kynhlutverk og jafnrétti. Bókin samanstendur af tveimur sögum, sögunni um Friðrik og sögunni um Rósu sem

vakna morgun einn sem gagnstætt kyn. Við fylgjumst með þeim einn dag, bæði heima og í leikskólanum og fáum að upplifa væntingar og kröfur sem gerðar eru til þeirra út frá kyni. Bókin endurspeglar veruleikann eins og hann er, það er að stelpur og strákar fá mismunandi skilaboð, frá öðrum börnum og frá fullorðnum.

Mikilvægt er að hinir fullorðnu kynni sér efni bókarinnar vel áður en hún er lesin fyrir börnin. Þeir sem ætla að nota bókina í jafnréttisstarfi með börnum þurfa að vera meðvitaðir um álitamálin ef bókin á að nýtast eins og til er ætlast.

Útgefandi: Jafnréttisstofa; Félags- og tryggingamálaráðuneytið (2009)

Hvað: Barnabók, kennsluleiðbeiningar

Fyrir: Leikskólastig, yngsta stig, foreldrar

Vefslóð:

http://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/3319/thegar_rosa_var_ragnar.pdf?sequence=1

http://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/3318/thegar_fridrik_var_frida.pdf?sequence=1

http://jafnretti.is/D10/_FILES/Kennsluleidbeiningar.pdf

Lykilorð: Kynjafræði, jafnrétti

Þetta er líkami minn

Bókin er skrifuð til að aðstoða fullorðna og börn á leikskólaaldri við að ræða saman um ofbeldi á opinn og óþvingaðan hátt. Bókin er hugsuð sem leið til að opna umræðu um ofbeldi og skaðsemi þess á meðal barna og fullorðinna.

Útgefandi: Barnaheill

Hvað: Bók

Fyrir: Leikskólastig og foreldra

Vefslóð:

<http://www.barnaheill.is/Utgafa/Fraedsluefni/Lesagrein/thettaerlikaminnminnogslsavarnir/>

Lykilorð: Ofbeldi

Þetta eru mínir einkastaðir

Bókin er um líkamann og heilbrigð samskipti. Frábært innlegg í forvarnarvinnu með börnum. Bókin hvetur einnig börn til að vera óhrædd við að segja frá að misnotkun hafi hún átt sér stað.

Útgefandi: Blátt áfram, Salka

Hvað: Barnabók

Fyrir: Leikskólastig, yngsta stig.

Vefslóð: <http://www.salka.is/baekur/barnabaekur/vnr/297>

Lykilorð: Kynferðislegt ofbeldi

Þjóðfélagsfræði og á ferð um samfélagið

Vefurinn Ferð um samfélagið er hluti af námsefninu Þjóðfélagsfræði fyrir 10. bekk.

Útgefandi: Námsgagnastofnun

Hvað: Vefsíða

Fyrir: Unglingastig

Vefslóð: http://www1.nams.is/thjod_fel_fraedi/about.php?id=1

Lykilorð: Kynhlutverk, jafnrétti, staðalmyndir, sjálfsmynd

Þú ert frábær

Bók um margbreytileikann. Okkur hættir stundum til að lyfta sumu fólki á stall. Okkur getur fundist einn merkilegri en annar ef hann er gáfaðri, fallettri eða fínni svo eitthvað sé nefnt. Í augum skaparans erum við samt öll jafn mikilvæg og þann boðskap þurfa öll börn að heyra.

Útgefandi: Bókaútgáfan hólar (2007)

Hvað: Barnabók

Fyrir: Leikskólastig

Vefslóð: <http://www.holabok.is/%C3%BEu-ert-frab%C3%A6r/>

Lykilorð: Jafnrétti, sjálfsmynd

Ævintýralegt jafnrétti

Þróunarverkefni sem unnið var í leikskólanum lðavelli á Akureyri veturinn 2013-2014.

Kennsluefni í jafnréttisfræðslu í leikskóla. Kynjahugmyndir leikskólabarna.

Markmið þróunarverkefnissins var þrjúþætt: Fyrir börnin: Að vinna með og efla jafnréttisvitund leikskólabarna. Fyrir kennara/skólann: Að efla vitneskju kennarar um leiðir og árangur af markvissri jafnréttis- og kynjafræðiumræðu. Fyrir skólasamfélagið: Að til verði leiðir í samþættri vinnu í jafnréttis- og kynjafræði fyrir leikskóla.

Útgefandi: Leikskólinn lðavöllur Akureyri, Anna Elísa Hreiðarsdóttir

Hvað: Kennsluefni

Fyrir: Leikskólastig

Vefslóð: <http://idavollur.is/wp-content/uploads/2014/12/N%C3%A1msefni.pdf>

Lykilorð: Jafnrétti, kynhlutverk

Örugg og ábyrg farsímanotkun

Heimili og skóli og SAFT gáfu nýlega út bækling um fyrsta farsíma barnanna okkar í samstarfi við Símann. Í bæklingnum er að finna góð ráð um atriði sem hafa ber í huga þegar börn fá sinn fyrsta farsíma; s.s. hvort betra sé að vera í frelsi eða áskrift, hvort notast sé við þráðlaust net eða 3G/4G, ábyrga netnotkun á samfélagsmiðlum og margt fleira. Hægt er að nálgast bæklinginn á þjónustumiðstöð Heimilis og skóla að Suðurlandsbraut 24 eða á rafrænu formi.

Útgefandi: Heimili og skóli og SAFT

Hvað: Fræðslubæklingur

Fyrir: Foreldra

Vefslóð: http://www.saft.is/wp-content/uploads/2012/06/141006_B%C3%B6rn-og-fars%C3%ADmar_Final.pdf

Lykilorð: Velferð

Örugg saman

Fræðsluefni sem samanstendur af kennarahefti og nemendahefti. Örugg saman fjallar um andlegt, líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi í nánnum samskiptum og hvernig megi bregðast við ef ofbeldi á sér stað. Efnið er byggt á bandaríska námsefninu Safe Dates. Örugg saman er fyrst og fremst ætlað nemendum í 9. og 10. bekk en gagnast framhaldsskólastigi sömuleiðis.

Útgáfa: Embætti landlæknis

Hvað: Kennsluhefti

Fyrir: Unglingastig og framhaldsskóla

Vefslóð: <http://www.landlaeknir.is/um-embattid/frettir/frett/item25297/Orugg-saman--kennsluefni-fyrir-unglinga-kynnt-i-dag/>

Lykilorð: Andlegt, líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi

Öryggishringurinn

Coppard (2008) lýsir nokkrum verkefnum sem nota má í forvörnum þar á meðal öryggishringnum og aðferðum til að leggja mat á líðan barna. Mikilvægt er að hvert barn upplifi öryggisnet sitt, þ.e.a.s. til hvaða fólks það getur leitað til um ráð og aðstoð. Öryggishringurinn er verkefni sem gott er að vinna með yngstu börnunum en hann er einnig hægt að laga að þörfum eldri barna. Ráðlegt er að börnin geri öryggishring í upphafi hvers skólaárs. Hvert barn fær mynd af sjálfu sér sem búið er að líma í miðju hringlaga forms. Lagt er til að kennarinn byrji á því að segja nemendum hverjir hafi verið í öryggishringnum hans þegar hann var lítill og hvers vegna, t.d. mamma, pabbi, amma, frændi, kennarinn, vinur hans, stuðningsfulltrúi og nágranni. Kennarinn getur svo beðið börnin að segja frá því hverjir séu í hringnum þeirra og rætt um mikilvægi þess að eiga öryggisnet sem nær til þeirra staða sem barnið dvelur á. Loks eru nöfnin sem börnin hafa valið í öryggishringinn sinn skrifuð umhverfis myndina á skífunni. Gott er að vísa til öryggishringisins þegar á þarf að halda. (Úr bókinni Ofbeldi gegn börnum – hlutverk skóla).

Útgáfa: Vitundarvakning um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum og Námsgagnastofnun Reykjavík

Hvað: Verkefni, vefur, bók, spil

Fyrir: Börn: yngsta stig (u.þ.b. 2–10 ára)

Vefslóð: www.leidinafram.is/wp-content/uploads/2014/12/Ofbeldi-gegn-b%C3%B6rnum.-Handb%C3%B3k-fyrir-starfsf%C3%B3lk-sk%C3%B3la.pdf

Lykilorð: Líðan barna, öryggisnet

7 skref til verndar börnum

Kynferðislegt ofbeldi á börnum þrífst best í afneitun og ótta. Afneitun og ótti eru helstu ástæður þess að kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum geti átt sér stað. Þessir tveir þættir gegna það stóru hlutverki í kynferðislegu ofbeldi á börnum – að tækist okkur að sigrast á þeim gætum við nánast útrýmt vandanum. Fullorðnir einstaklingar, sem orðið hafa fyrir kynferðislegu ofbeldi sem börn, sigrast á því þegar þeir ná að tileinka sér óttalausa afstöðu.

Útgefandi: Blátt áfram

Hvað: Fræðslubæklingur

Fyrir: Starfsfólk og foreldra

Vefslóð: <http://www.blattafram.is/7skref/>

Lykilorð: Kynferðislegt ofbeldi